



Reykjavík



Sumarið í Hinu Húsinu 2025

-Frítímastarf fatlaðra ungmenna

-Deild atvinnumála og forvarna

-Menningardeild

Höfundar:

Auður Kamma Einarsdóttir, deildarstjóri

Ása Ingibjörg Hauksdóttir, deildarstjóri

Gylfi Már Sigurðsson, aðstoðarforstöðumaður

Harpa Karen Antonsdóttir, verkefnastjóri

Frítímastarf fatlaðra ungmenna í Hinu Húsinu sumarið 2025

Harpa Karen Antonsdóttir, verkefnastjóri í frítímastarfi fatlaðra ungmenna.

Sumarið stóð yfir í 13 vikur, frá 21. maí til 16. ágúst. Við erum með opið frá kl. 9:00–16:00. Hvert ungmenni hjá okkur hefur rétt á 10 vikum og þurfa því að taka að lágmarki 3 vikur í frí (þarf ekki að vera samfelld). Fyrri hluti sumarsins samanstendur af fimm vinnuvikum, en seinni hluti sumarsins eru átta frítímavikur.

Vinnuvikur

Vinnuvikurnar virka þannig að ungmennin vinna fyrir hádegi og taka svo þátt í frjálssu frítímastarfi eftir hádegi. Tilgangur vinnunnar er sá að ungmennin fái að kynnast vinnumarkaðnum á raunhæfan hátt, líkt og jafnaldrar þeirra. Þau fá tækifæri til að vinna fyrir einhverju, vera í samskiptum við aðra og upplifa ábyrgð og skipulagi sem fylgir vinnu. Markmiðið er einnig að sýna vinnuveitendum að fötluð ungmenni hafa tök á því að vinna á almennum vinnumarkaði.

Við leggjum áherslu á að hvert ungmenni geti unnið út frá sinni getu og áhuga. Því höfum við verið með fjölbreytta samstarfsaðila svo að allir finni eitthvað við sitt hæfi og fái tækifæri til að prófa sig áfram á mismunandi vinnustöðum.

Samstarfsfélagar í sumar voru Krónan í Skeifunni og á Höfða, Hagkaup í Skeifunni, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Árbæjarsafn, Hólavalla- og Fossvogskirkjugarður og Ásgarður í Mosfellsbæ.

Auk þess höfum við einnig sinnt fjölbreyttum verkefnum í Hinu Húsinu, þar sem ungmennin meðal annars smíðuðu skemmtileg verkefni og gróðursettu blóm. Starfsmenn fylgdu ungmenum á vinnustaði og aðstoðuðu þau í vinnu. Eftir hádegi ákváðu ungmenni og starfsmenn í sameiningu hvernig ætti að nýta frístundina.

Frítímavikur

Í frítímavikunum erum við með skipulagt frítímastarf allan daginn. Við plönnum hverja viku fyrir sig og erum að gera allskonar skemmtilegt með ungmennunum. Við skoðum alla hluta á höfuðborgsvæðinu og finnum skemmtilega afþreyingu. Við förum meðal annars í sund, söfn, ferðalög út á land, gönguferðir, keilu og fleira. Markmiðið er að skapa fjölbreytt og innihaldsríkt frítímastarf þar sem ungmennin fá tækifæri til að prófa nýja hluti, efla sjálfstæði sitt og kynnast öðrum í gegnum jákvæða og skemmtilega samveru.

Hér má sjá dæmi um skipulag að dagskrá í frístundaviku. Dagskrá er send út undir lok hverrar viku og hengd upp á starfstaðnum svo ungmenni og starfsmenn viti hvað sé í vændum.

30.júní	1.júlí	2.júlí	3.júlí	4.júlí
<u>Gullni hringurinn</u>	<u>Sjóminjasafnið</u>	<u>Hafnarfjörður</u>	<u>Klambratún</u>	<u>Öspin</u>
				

Fjöldi

Í sumar vorum við með 45 ungmenni þegar mest lét. Fyrstu vikurnar eru oftast fjölmennastar en fækkaði ungmennunum þegar leið yfir sumarið.

Það voru 39 starfsmenn hjá okkur í sumar sem störfuðu nær undantekningalaust í 13 vikur (með sumarfríum og öðrum tilfallandi leyfum). Starfsmenn voru hluti af styttingu vinnuvikunnar og nýttu allt starfsfólk styttinguna sína frá kl. 8:00 til 9:00 á þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum. Á mánudagsmorgnum vorum við með starfsmannafund til að fara yfir komandi viku og vikuna sem leið. Við byrjum öll sumur á tveimur starfsdögum þar sem farið er yfir mikilvægar fræðslur og starfið okkar í heild sinni.

Árangur og samantekt

Heilt yfir gekk sumarið afar vel. Samstarfið við vinnustaði og samstarfsaðila tókst frábærlega, enda hefur atvinnutengda úrræðið okkar verið starfrækt síðustu ár og skapað traust og jákvæð tengsl við fjölmarga vinnuveitendur. Vinnustaðir lýstu mikilli ánægju með störf ungmennanna og þátttöku þeirra í verkefnum sumarsins. Fyrstu vikurnar voru, líkt og vanalega, krefjandi vegna mikils fjölda ungmenna og nýrra verkefna, en gengu vel þegar á leið.

Það hafa margir heyrt af atvinnutengda úrræðinu okkar og margir nýir þátttakendur voru spenntir að fá að fara á vinnumarkaðinn í fyrsta sinn. Því var það mikil vonbrigði að ljóst er að ekki verði unnt að halda úrræðinu áfram næsta sumar, meðal annars vegna mikillar fjölgunar í hópi ungmenna. Þetta úrræði hefur verið einn mikilvægasti og vinsælasti þátturinn í starfi sumarsins. Ungmennunum finnst þessi hluti skemmtilegastur, þar sem þau fá að vinna, fá laun fyrir eigin framlag og upplifa að þau séu virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Í frítímavikunum ákváðum við að prófa nýtt fyrirkomulag og fengum ýmsa gesti og fyrirtæki til okkar til að kynna sig og starfsemi sína fyrir ungmennunum. Þar má nefna að Slökkviliðið kom í heimsókn og vakti mikla lukku – ungmennin fengu að prófa að fara upp í slökkviliðsbíl, sprauta vatni úr slöngunum og kynna starfinu á lifandi hátt. Við fengum einnig Öspina, íþróttafélag fatlaðra, til að kynna nokkrar íþróttir fyrir hópnum. Þau kynntu meðal annars fótbolta, nútímafimleika og boccia, og var það einstaklega vel heppnað. Nokkur ungmenni sýndu sérstakan áhuga og hófu æfingar í kjölfar kynningarinnar, sem við lítum á sem frábæran árangur.

Við endum öll sumar á góðu sumarlokahófi þar sem farið er yfir sumarið, ungmennum er gefin viðurkenning fyrir að vinna á stöðunum sem þau unnu á og þau sem eru að útskrifast fá litla gjöf frá okkur með minningum af síðustu 4 árum.

Sumarið heppnaðist afar vel og göngum við stolt frá borði eftir vel unnið starf í frítímastarfi fatlaðra ungmenna.

Deild atvinnumála og forvarna í Hinu Húsinu sumarið 2025


Auður Kamma Einarsdóttir, deildarstjóri deildar atvinnumála og forvarna



Jafningjafræðsla Hins Hússins

Jafningjafræðslan er forvarnar- og fræðslustarf á vegum Hins Hússins sem gengur út á það að ungt fólk fræði jafnaldra sína um málefni ungs fólks.

Hvert sumar fara fræðarar Jafningjafræðslunnar í vinnuskólahópa Reykjavíkurborgar og félagsmiðstöðvahópa og veita fræðslu um ýmis málefni sem brenna á ungu fólki. T.a.m. um vímuefni, geðheilbrigði, hinseginleika, ofbeldismenningu, fordóma, samfélagsmiðla o.fl. Hugmyndafræðin á bak við fræðsluna er sú að ungu fólki gangi betur að ná til jafnaldra sinna um málefni ungmenna heldur en fullorðnir (e. peer to peer education). Fræðararnir eru 11-15 talsins og á bilinu 16-19 ára og því á svipuðu reiki og ungmennin sem þeir fræða.



Verðandi fræðarar fá þriggja vikna yfirgripsmikið undirbúningsnámskeið í upphafi sumars í Hinu Húsinu frá starfsfólki HH og sérfræðingum um málefni sem líkleg eru til að koma upp í fræðslu sumarsins. Jafningjafræðsla Hins Hússins hitti um 1400 ungmenni í heildina í sumar og veitti þeim jafningjafræðslu. Þar að auki skiplagði Jafningjafræðslan sína árlegu Götuhátíð Jafningjafræðslunnar sem er sumarhátíð

fyrir ungt fólk til styrktar góðu málefni. Hún heppnaðist virkilega vel en um 200 ungmenni komu og skemmtu sér saman í Hinu Húsinu. Í ár valdi Jafningjafræðslan að styrkja neyðarsöfnun UNICEF fyrir börn á Gaza og söfnuðust 300.000 kr.

Jafningjafræðslan verður svo að jafningjaráði yfir vetrartímann og stendur fyrir vetrarfræðslu en nýnemum í framhaldsskólum borgarinnar stendur til boða að fá fræðslu ef þess er óskað og fjármagn er til staðar.

Jafningjafræðslan hefur vakið heilmikla eftirtekt í ár. Þau skrifuðu grein sem birtist í sumar á Vísi – „*Opið bréf til fullorðna fólksins*“, komu fram í kvöldfréttum Stöðvar 2, sendu inn minnisblað til borgarinnar, var boðið að vera með erindi á hinum ýmsu málþingum og forvarnardögum, verið boðið á Bessastaði, tekið þátt í átakinu Verum klár með Reykjavíkurborg og Riddurum kærleikans, verið boðið í Kastljósið að ræða um samfélagsmiðla o.s.frv.



Sumarstörf 17 ára ungmenna í viðkvæmri stöðu

Um tilraunaverkefni er að ræða sem samþykkt var af borgarráði og hefur verið framkvæmt af Hinu Húsinu sl. tvö sumur í samvinnu við Skrifstofu ráðningar og mönnunar á MOS. Verkefnið snýr að því að koma 17 ára ungmennum í viðkvæmri stöðu í sumarstörf innan borgarinnar með einstaklingsmiðuðum stuðningi og utenumhaldi.

Þessi aldurshópur hefur átt erfitt með að fá sumarstarf við hæfi þar sem Vinnuskóli Reykjavíkur nær einungis upp að 16 ára aldri og flest hefðbundinn sumarstörf eru ætluð 18 ára einstaklingum og eldri. Þar af leiðandi lenda margir 17 ára einstaklingar milli skips og bryggju. Rannsóknir hafa sýnt að atvinnuleysi á þessum aldri geti haft keðjuverkandi áhrif og hefur það því ótvírætt forvarnargildi að ólöggráða ungmennum í viðkvæmri stöðu sé boðið tækifæri og veittur stuðningur í starf.

Í sumar var um 40 stöðugildi að ræða sem voru nýtt til að ráða 55 einstaklinga en miðað var við að hver einstaklingur fengi mest 8 vikur í starfi. Vinnustaðir sem tóku þátt í verkefninu voru m.a. Hitt Húsið, bókasöfn, listasöfn, sundlaugar, leikskólar, íþróttafélög, Borgarleikhúsið, félagsheimili aldraðra, frístundaheimili og Vinnuskóli Reykjavíkur. Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð, bauð 12 ungmennum starf. Verkefnið hefur gekk mjög vel og hafa sum ungmenntanna hlotið áframhaldandi ráðningu á viðkomandi vinnustað eftir sumarið.

Atvinnuráðgjöf

Ungu fólki á aldrinum 16-25 ára stendur til boða ókeypis atvinnuráðgjöf í Hinu Húsinu. Ungmennin hitta atvinnuráðgjafa sem gefur ýmis gagnleg ráð varðandi atvinnuleitina. Atvinnuráðgjafinn getur t.a.m. aðstoðað við gerð ferilskrár og kynningarbréfs, aðstoðað ungmenni við að sækja um störf og gefið góð ráð fyrir atvinnuviðtalið. Áhersla er lögð á styrkleika ungmennanna og að hvetja þau áfram í atvinnuleitinni.

Ráðning sumarliða til íþróttar- og æskulýðsfélaga í Reykjavík

Innan ramma MÍR er ákveðin fjárveiting sem er ætluð atvinnumálum ungs fólks. Markmið hennar er tvíþætt; annars vegar að fjölga atvinnutækifærum fyrir reykvísk ungmenni yfir sumartímann og hins vegar að styðja við framkvæmd frístundanámskeiða hjá íþróttar-, æskulýðs- og tómstundafélögum í Reykjavík yfir sumartímann. Í ár voru alls 112 stöðugildi nýtt til að ráða 128 sumarliða til félaga. Ráðningar í þessi störf eru frábrugðnar ráðningum í almenn sumarstörf á þann hátt að félögin sækja um úthlutun sumarliða og er úthlutað úr sjóði með föstu fjármagni.

Félögin ákveða sjálf hverja þau ráða og senda tilnefningar um starfsfólk til atvinnuráðgjafa Hins Hússins eftir að úthlutun á sér stað. MÍR/Hitt Húsið setur þau skilyrði að þeir sem eru ráðnir séu á aldrinum 17–25 ára, hafi lögheimili í Reykjavík, gegni ekki öðru starfi hjá Reykjavíkurborg, séu með hreint sakavottorð í samræmi við æskulýðsslög og að lokum að viðkomandi eigi inni umsókn um sumarstarf hjá Reykjavíkurborg.

Listhópar og Götuleikhús Hins Hússins sumarið 2025

Ása Ingibjörg Hauksdóttir, deildarstjóri menningardeildar



Götuleikhús og listhópar Hins Hússins

Á hverju sumri býðst ungmennum á aldrinum 17 til 25 ára að sækja um að starfa með Götuleikhúsi- og í Listhópum Hins Hússins í átta vikur yfir sumartímann. Í gegnum árin hefur margt af okkar helsta listafólki innan allra listgreina tekið sín fyrstu skref í Listhópum og Götuleikhúsi Hins Hússins.

Starfstímabil ráðna einstaklinga í sumarvinnu Listhópa og Götuleikhúss Hins Hússins voru átta vikur og var starfstímabilið í 2. júní– 25. júlí.

Götuleikhús Hins Hússins

Götuleikhús Hins Hússins er orðið vel þekkt á meðal fólks í borginni og hefur skapað sér sérstöðu með metnaðarfullum og myndrænum uppákomum á hverju sumri, frá árinu 1994. Síðan þá hefur leikhúsið fóstorað stóran hóp af ungu fólki sem mörg hver starfa í dag sem þekktir listamenn á ýmsum sviðum.

Á hverju sumri býðst ungmennum á aldrinum 17 til 25 ára að sækja um að starfa með Götuleikhúsinu. Árlega er leikstjóri fenginn til liðs við Götuleikhúsið ásamt búningahönnuði sem hannar búninga og leikmyndir í samvinnu við hópinn. Meðlimir hósins fá því þjálfun í öllu því helsta sem tengist starfi götuleikhúss þar sem að leikararnir koma að öllum undirbúningi sem viðkemur sýningunum.

Í ramma er fjármagn til að ráða 9 götuleikarar ásamt leikstjóra og búningahönnuði. Í ár voru 54 umsækjendur um stöðurnar. Öllum umsækjendum var boðið í leikprufu þar sem val á umsækjendum fór fram.

Götuleikhúsið hefur verið án aðstöðu frá árinu 2013 og hefur leigt aðstöðu á ýmsum stöðum í miðborginni s.s. kvennaskólanum í Reykjavík, leikfimissal MR og LHÍ.

Listhópar Hins Hússins

Í listhópum Hins Hússins gefst ungu fólki hinsvegar kostur á að sækja um og koma með hugmyndir að sínum eigin verkefnum og valdir hópar eða einstaklingar fá síðan tækifæri til að vinna að hugmyndum sínum í átta vikur yfir sumartímann.

Innan ramma eru 20 stöðugildi fyrir ráðningar í Listhópa Hins Hússins. Í ár bárust 39 umsóknir með 80 stöðugildum. Ráðrúm var til að veita 12 verkefnum brautargengi. Verkefnin voru afar fjölbreytt, skapandi og skemmtileg og voru sýnileg víða í borginni.

Skilyrði fyrir vinnu í Listhópum er að ráðnir taki þátt í hátíðarhöldunum á 17. júní og taki auk þess þátt í þremur sameignlegum viðburðum yfir sumarið sem fara fram í miðborg Reykjavíkur.

Aðeins eru greidd laun en hópar þurfa sjálfir að útvega sér húsnæði og þau efni eða áhöld sem það þarf í sína listsköpun.